

Reykjavík: Þróun – þekking – stefna *Hvað varð af framtíðarborginni?*

Inngangur

Tilgangurinn með þessari grein er að rifja upp þróun borgarrannsókna og skipulagsmála Reykjavíkur og höfuðborgarsvæðisins síðustu árin og jafnframt að koma með tillögur um nýjar áherslur í þeim efnum. Það ættu að vera hæg heimatökin því höfundur vann að skipulagsmálum, rannsóknum og úttektum fyrir Reykjavíkurborg í um þrjá áratugi og hefur álfika lengi kennt ýmiss námskeið um þróun og skipulag borga við Háskóla Íslands. Síðustu þrjú árin hef ég starfað sem ráðgjafi í skipulagsmálum og samfélagsrannsóknum á vegum fyrirtækis míns Land-ráðs sf og því fengið nokkra fjarlægð á skipulagsmál Reykjavíkur, sem ég var áður virkur þátttakandi í.

Borgarránsóknir: Aðgengi og eftirfylgni

Um og fyrir síðustu aldamót var mikil gróska í umræðu um skipulagsmál hér á landi sem greinarhöfundur tók virkan þátt í. Menn veltu fyrir sér í ræðu og riti hvernig til hefði tekist um skipulag Reykjavíkur og annarra þéttbýlisstaða á 20. öldinni og hvert skyldi stefna í þróun höfuðborgarsvæðisins á nýrri öld. Á sama tíma var mikil skipulagsvinna í gangi. Í þessari stuttu grein er ekki farið út í að útlista hin fjölmörgu stóru skipulagsverkefni sem unnin hafa verið á höfuðborgarsvæðinu síðustu 5-7 árin.

Hér verður aðeins minnt á, að um aldamótin var unnið að svæðisskipulagi fyrir höfuðborgarsvæði og nýju aðalskipulagi fyrir Reykjavík sem mörkuðu stefnuna um byggðaþróun á höfuðborgarsvæðinu til 2024. Þetta var fyrsta staðfesta svæðisskipulag fyrir höfuðborgarsvæðið. Í svæðisskipulaginu var m.a. lögð áhersla á þéttingu og blöndun byggðar, og vistvænar samgöngur. Þróunin hefur verið mun hraðari enn ráð var fyrir gert, og því tímabært að hefja endurskoðun á forsendum markmiðum og áætlunum svæðisskipulagsins.

Dæmi um málþing, rannsóknavinnu og verkefni: Sem dæmi um hina miklu grósku í umfjöllun og umræðu um skipulagsmál um síðustu aldamót nefni ég eftirfarandi. Í september 1998 birtust þrjár greinar um *þróun og skipulag borga*, með tilvísunum til höfuðborgarsvæðisins eftir greinarhöfund og sama ár skýrsla fyrir Vegagerðina um skipulag umferðar í borgum, *Þjóð á hjólum* (Sjá heimildaskrá). Árið 1999 stóðu H.Í., Reykjavíkurborg og Samtök um betri byggð að málþinginu „*Endurreisn borga*” þar sem var m.a. fjallað um þróun Reykjavíkur í sögulegu samhengi borið saman við vestrænar borgir. Sama ár var stofnað *þróunar- og fjölskyldusvið* í ráðhúsi Reykjavíkur sem m.a. verkefna var ætlað að samræma og efla rannsóknir á borgarsamfélaginu. Árið 2000 hleypti Reykjavíkurborg af stokkunum verkefninu „*Framtíðarborgin*” sem var mikið átaksverkefni með vinnuhópum og málþingum sem ætlað var að gefa borgaryfirvöldum grunnupplýsingar til stefnumótunar um æskilega þróun borgarinnar á sem flestum sviðum borgarlífsins (Mynd 1 sýnir

merki framtíðarborgarinnar). Reyndar átti framtíðarborgin rætur í vinnu verkefnahópa árið 1997 sem kallaðir voru *Hin núa líf Reykjavíkur*.

Í mars 2000 stóð Reykjavíkurborg fyrir kosningu um framtíð Vatnsmýrarinnar þ.e. hvort miðstöð innanlandsflugs ætti að vera áfram í Vatnsmýrinni eða hvort nýta ætti landið undir borgarbyggð. Samhliða fór fram mikil umræða og fræðsla um skipulagsmál borgarinnar. Um vorið 2000 var *Borgarfræðsetur* stofnað, en það var samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar og H.Í. ætlað að vinna rannsóknir í borgarfræðum og koma á fót kennslu í borgarfræðum. Greinarhöfundur og Gísli Pálsson mannfræðingur unnu frumtilögur að stofnun Borgarfræðaseturs.

Á árunum 2002 og 2003 stýrði greinarhöfundur samráðshópi á vegum Reykjavíkurborgar um borgarrannsóknir og stefnumótun þar sem sátu fulltrúar stærstu borgarstofnana og forstöðumaður Borgarfræðaseturs.). Hópurinn gerði áætlun um æskilegar borgarrannsóknir fyrir árin 2003 til 2005. Sjá má þessar tillögur og yfirlit yfir kannanir og úttektir á vegum borgarinnar á heimasíðu Reykjavíkurborgar undir stjórnkerfi/skýrslur, kannanir og rannsóknir. (Mynd 2 sýnir helstu áhersluþætti í þeirri vinnu

Árið 2003 breytast áherslur í ráðhúsi Reykjavíkur og færðist nú megin þunginn á að setja á laggirnar hverfamiðstöðvar, þannig að borgarrannsóknir fengu minna vægi. Ári seinna er þróunar- og fjölskyldusvið lagt niður og Borgarfræðasetur um vorið 2005. Borgarfræðasetur náði ekki því flugi sem vonir stóðu til og má rekja það að stórum hluta til mismunandi væntinga Reykjavíkurborgar og H.Í. til starfseminnar. Til einföldunar má segja, að borgin vænti þess að með Borgarfræðsetri fengist öflug tenging við helstu deildir og stofnanir Háskólans og að á setrinu væri m.a. unnar margvíslegar hagnýtar úttektir og greiningar á málefnum sem helst brynni á einstökum stofnunum borgarinnar á hverjum tíma. Sjónarmið H.Í. var skapa sjálfstæða akademíska stofnun í borgarrannsóknum sem Reykjavík styrkti með fjarframlögum.

Þó slitnað hafi upp úr þessu samstarfi er til marvíslegt efni um borgarrannsóknir sem unnið var á setrinu og er enn aðgengilegt á netinu, *borg.hi.is*. Sem dæmi um efni áhugavert fyrir arkitekta og aðra sem vinna að skipulagsmálum má nefna skýrslu Hildar Kristjánsdóttur, *Nýr borgarbragur (new urbanism)*, og Haraldar Sigurðssonar, *Um ferðamáta á höfuðborgarsvæðinu*. Einnig er rétt að benda lesendum á ritið *Borgarbrót: Sextán sjónarhorn á borgarsamfélagið*. Þetta eru fyrirlestrar um borgarfræði í fyrirlestraröð í Norræna húsinu veturinn 2002-2003um viðfangsefnið „*Hvað er borg?*” sem Borgarfræðsetur og Sagnfræðingafélag Íslands stóðu fyrir. Þó Borgarfræðsetur hafi verið lagt niður geta nemendur í H.Í. enn tekið 30 einingar í borgarfræðum, sem aukagrein til B.A. eða B.S. prófs. Frá 2002 hefur verið boðið upp á sérstakt námskeið í borgarfræðum sem höfundur þessar greinar kennir.

Ég hef rakið stuttlega nokkra þætti í umræðum og rannsóknum á borgarmálefnum um og eftir síðustu aldamót vegna þess að þessir hlutir gleymast fljótt og stöðugt er verið að finna upp hjólið að nýju án þess að byggja á þeirri þekkingu sem aflað hefur verið, né þeirri umræðu sem átt hefur sér stað. Eins vegna þess að mikið að þessu efni er ekki aðgengilegt á einum stað.

Í einstökum efnum hefur verið um afturför að ræða, t.d. var hætt árið 2003 að gefa út Árbók Reykjavíkur, bæði á pappír og á netinu. Dæmi um efni sem ætti að vera aðgengilegt arkitektum, eru tillögur Þorvaldar S. Þorvaldssinar borgararkitekts og áður skipulagsstjóra um hönnunarstefnu fyrir Reykjavíkurborg, en þær tillögur eru ekki sýnilegar. Greinarhöfundur hefur fundist það einn af veikleikum stjórnsýslu Reykjavíkurborgar síðustu árin, að við stöðuga að leita að nýjum hugmyndum og verkefnum, vill gleymast að fylgja eldri verkefnum eftir. Breytingar á borgarkerfinu hafa það örar síðustu misseri að fólk veit oft ekki hvar leita skal upplýsinga um einstök mál

Pekkingarsamfélagið og þróun höfuðborgarsvæðisins

Þróun höfuðborgar - áhrifapættir: Á Íslandi er aðeins eitt borgarsvæði, höfuðborgarsvæðið þar um 2/3 hlutar þjóðarinnar býr. Borgarsvæðið hefur þanist hratt út, sem sjá má af því að á tímabilinu 1971 til 2000 fóru að meðaltali 85ha lands á ári undir nýja byggð á höfuðborgarsvæðinu (sjá mynd 3). Vegna þessarar sérstöðu þurfa borgaryfirvöld að leita til erlendra borga um samanburð hvað varðar líklega þróun, sem og um nýmæli hvað varðar skipulag, stjórnsýslu og þjónustu auk þess að stuðla að rannsóknum á séreinkennum íslensks borgarsamfélags. Mikil þörf er fyrir þverfaglega greiningu á líklegri þróun borgarinnar til að byggja á heildstæða stefnumótun. Sem dæmi um samfélagshneigðir (trends) sem taka þarf tillit til má nefna: Fjölmenningu og fjölgun nýbúa – vaxandi fjölda eldra fólks – vaxandi frítími og kröfur um afþreyingu – mikil bílaeign og hreyfanleiki – Ólíkar óskir um húsnæði og búsetu innan og nærri höfuðborgarsvæði.

Tími og mælikvarði: Borgarsamfélagið breytist mjög hratt. Reykjavík um miðja síðustu öld, um 1975 og í byrjun 21. aldarinnar er ekki sama borgin og sama má segja um borgarsamfélagið. Þetta á við um atvinnu fólks, ferðir um borgina, og daglegar athafnir Óskir fólks um húsnæði og þarfir atvinnulífsins hafa gjörbreyst. Það er nauðsynlegt að hafa í huga bæði tíma og mælikvarða þegar rætt er um æskilega þróun Reykjavíkur og höfuðborgarsvæðisins. Það er t.d. ekki hægt, og spurning hvort það sé æskilegt að fara til baka í sögunni og reyna að endurskapa Reykjavík eins og hún var á þriðja og fjórða áratug síðustu aldar, fyrir daga einkabílsins, Þá verður fagfólk að hætta að vera stöðugt að bera Reykjavík saman við heimsborgir eins og London, París og New York. Finna þarf viðmið við hæfi og fylgjast vel með þróun borgarsamfélagsins.

Miðborg Reykjavíkur. Hún hefur misst hlutverk sitt sem megin verslunarmiðstöð höfuðborgarsvæðisins, er nú n.k. borgarhlutamiðstöð fyrir vesturhluta Reykjavíkur. Þetta má t.d. sjá af úttekt sem greinarhöfundur gerði með Gallup á jólaverslun árið 2002. Þá fór 55% jólaverslunar íbúa sem bjuggu vestan Kringlumýrarbrautar fram í miðborg og 18% í Kringlunni. Aftur á móti versluðu aðeins 6% þeir sem bjuggu þá í Árbæjar- og Breiðholtshverfum í miðborginni en 35% í Kringlunni. Að sjálfsögðu hefur miðborg Reykjavíkur margháttað önnur hlutverk en að þjóna íbúum höfuðborgarsvæðisins sem verslunarhverfi. Þó miðborgir séu mikilvægar fyrir ímynd borga, má ekki gleyma því að öll borgarsvæði í dag eru fjölkjarna og miðborgir taka oftast aðeins yfir 3-5% af því

byggðavæði sem borgirnar mynda. Það má því ekki gleyma öðrum borgarhlutum, sérkennum þeirra og hlutverkum. (kort??)

Þróun borgarsvæða - jaðarborgin: Mynd 4 sýnir stílfærða mynd af þróun vestrænna borgarsvæða síðustu 100 árin sem fellur vel að þróun höfuðborgarsvæðisins. Fram yfir seinni heimstyrjöldina flutti fólk af landsbyggðinni til Reykjavíkur og borgin óx hratt. Frá miðri öldinni fram til aldamóta hófst útborga- úthverfaskeiðið með því að einkabíllinn varð smám saman almenningseign og með bættem efnahag kaus fólk að búa í sérbylí sem ekki fékkst í Reykjavík þannig að grannsvaitarfélög Reykjavíkur uxu hratt.

Frá aldamótum hófst jaðarborgarskeiðið hér á landi en það hefur staðið yfir í meir en tvo áratugi vestanhafs. Með bættem efnahag, rafrænum samskiptum, betri vegum og góðum ökutækjum kjósa margir að búa utan höfuðborgarsvæðis, nær náttúrunni en þó innan seilingar frá menningarlífi borgarinnar. Þetta hefur verið mjög áberandi síðustu 3-5 ár. Eins spilar inn í þessa mynd að íbúðaverð er enn töluvert lægra í jaðarbyggðum höfuðborgarsvæðisins en þar. Reyndar sýnir skýringarmyndin fjórða stigið þar sem byggð í jaðarborginni er vel tengd saman með öflugum samgönguneti m.a. hringvegum og fjölgun íbúa er mest nærri miðborginni og völdum kjörnum á jaðri. stórborgarinnar. Við eigum víst töluvert í land að ná því skeiði.

Greinarhöfundur hefur á tvennan hátt komið að því að rannsaka þessa þróun. Í fyrsta lagi, með viðamikilli könnun fyrir borgaryfirvöld á húsnæðis- og búsetuóskum borgarbúa árið 2003. Í öðru lagi, er greinarhöfundur nú að vinna að viðamikilli rannsókn fyrir samgönguyfirvöld á áhrifasviði höfuðborgarsvæðisins. Í þeirri rannsókn er verið að kanna tíðni ferða, erindi og ferðamáta fólks til og frá höfuðborgarsvæðinu, hvort sem það er vegna vinnu eða annarra erinda. Þessi rannsókn hefur beina tengingu við stefnumótun/svæðisskipulag fyrir suðvesturhluta landsins.

Borgarstefna, skipulagskerfið: Byggðastefna hér á landi nær til alls landsins nema suðvesturhluta landsins þar sem mikill meirihluti þjóðarinnar býr. Ísland er eina landið á Norðurlöndum sem hefur ekki borgarstefnu. Annarsstaðar á Norðurlöndum er borgarstefna samofin byggðastefnu. En borgir eru eins og flestir vita uppspretta hvers samfélags hvað varðar nýja tækni og hvers konar nýmæli í jafnt atvinnu- og menningarlegu tilliti. Þetta kemur fram í skýrslu Micaela Schulman fyrir Nordregio árið 2000 „*Stadspolitik og urban forskning*” frá árinu 2000.

Íslensk skipulagslöggjöf hefur ekki allskostar fylgt þróun íslensk samfélags í átt að borgarsamfélagi. Mikil áhersla er t.d. á flokkun lands í þéttbýli þrátt fyrir að flest athafnahverfi eru mjög blönduð hvað varðar atvinnustarfsemi. Þá hafa umhverfismálin fengið aukið vægi, en lítið fer fyrir félags- og efnahagslegum forsendum við skipulagsvinnu. Í skipulagslöggjöfinni ætti að leggja meiri áherslu á nýtingu lands (hve þétt og hátt má byggja), verðmæti lands, samgöngur og á stærð og staðsetningu þjónustukjarna. Það eru þeir þættir sem eru mest aðkallandi varðandi stefnumótun í skipulagsmálum á höfuðborgarsvæðinu. Athyglisvert er að þær skipulagsáætlanir sem hafa gefið mesta nýsköpun og virk samskipti við íbúa eru ekki lögfestar skipulagsáætlanir þ.e. *rammskipulag* (millistig milli aðal- og

deiliskipulags) og *hverfaskipulag* eða hverfakort (samskiptatæki milli sveitarfélags og íbúa) sem Reykjavík og Kópavogur unnu fyrir nokkrum árum.

Borgin, háskólar og rannsóknastofnanir: Á síðustu árum hefur háskólum fjölgað mikið hér á landi. Hætt er við því að verið sé að kenna svipuð grundvallaratriði í umhverfis-, samfélags- og hönnunarmálum á mörgum stöðum, þ.m.t. um skipulagi borga. Það þarf því að tengja nýju háskólana LHÍ (hönnunardeild - arkitektúr), Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri (nám í landslagsarkitektúr) og Viðskiptaháskólann á Bifröst (rannsóknir í húsnæðismálum) við samsvarandi deildir háskólana í Reykjavík og Akureyri. Mikilvægt er að koma á samkiptaneti og virkri upplýsingamiðlun milli þessara aðila og ekki síður til almennings og fagaðila eins og arkitekta og skipulagsfræðinga. Þá þarf að tengja Skipulagsstofnun og skipulagsdeildir stærri sveitarfélaga við þetta net til að tengja saman teoriiu og praktík. Árið 2002 gaf upplýsinga- og borgarrannsóknastofnun Helsinkiborgar „Urban Facts“, út skýrsluna „*Co-operation and Local Partnership Between Cities and Universities*” sem fjallar um hvernig væri höfuðborgir í Evrópu standa að samstarfi við háskóla og rannsóknastofnanir um víðtækar borgarrannsóknir. Þarna er finna ýmislegt sem hægt væri að heimfæra hér á landi. Á síðustu misserum hefur umræða um skipulagsmál í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu aðallega snúist um þrennt; þéttingu byggðar, gatnakerfi og umferð og hvort flytja eigi miðstöð innanlandsflugs úr Vatnsmýri eða ekki. Á myndum 5 - 7 eru sýndir þrjár kostir um þróun stór Reykjavíkursvæðisins til framtíðar:

1. *Jaðarborgin*, aðal uppbygging í jaðarbyggðum og í miðborg.
2. *Tvíburaborgin* eða Vatns(mýrar)borgin, aðal uppbygging í miðborg og á Vatnsmýrarsvæðinu
3. *Línuborgin*, tenging byggðar á höfuðborgarsvæði, alþjóðaflugvallar í Keflavík og Reykjanesbæjar með öruggum, hraðvirkum samgöngum.

Við mat á æskilegri þróun höfuðborgarsvæðisins þarf að hugsa 50 til 100 ár fram í tímann. Á þeim grunni þarf að móta framtíðarýn fyrir suðvesturhluta landsins, sýn um æskilegt borgarsamfélag um miðja þessa öld eða lengur. Þessi stefnumótun verði unnin með virkri þátttöku almennings og faghópa, þar sem byggt er á traustum fræðilegum grunni.

Lokaorð – tillögur

Það þarf að vera samfella í umræðu og rannsóknum á borgarsamfélaginu. Það er mikilvægt eftir næstu sveitarstjórnarkosningar að dusta rykið af eldri hugmyndum og rýna í forsendur þeirra svæðis- og aðalskipulagsáætlana sem nú eru í gildi á höfuðborgarsvæðinu. Skapa þarf nýja sýn á æskilega þróun höfuðborgarsvæðisins og landsins alls næstu áratugina. Sem dæmi um atriði sem ég hef komið inn á í þessu greinarkorni og æskilegt væri að tekin væru til umræðu og síðan til stefnumótunar og framkvæmda eru:

1. *Borgarakademía*: Koma þarf á fót miðstöð / samskiptaneti á sviði borgarfræða og borgarskipulags milli háskóla, faghópa og skipulagsstofnana og deilda. Mikilvægt er að öll

sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og stærri sveitarfélög í nágrenni höfuðborgarsvæðisins hafi aðgang að þessu samstarfi. Til að fjármagna þetta mætti ímynda sér að 1% að fjárframlagi til Skipulagstofnunar og skipulagsdeilda sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu rynnu til bargarakademíunnar (1% af framkvæmdafé Vegagerðarinnar fer í rannsóknasjóð).

2. *Jaðarborgin - svæðisskipulag*: Vinna þarf að undirbúningi svæðisskipulags sem tæki til suðvesturhluta landsins vestan frá Mýrum austur að Þjórsá. Það þarf að gera langtíma rammaáætlun um samtengingu höfuðborgarsvæðis við Keflavíkurflugvöll, og nágrennabæi höfuðborgarsvæðisins. Í þessu felst m.a. að leysa vandamálið með miðstöð innanlandsflugs
3. *Verðmæti lands og húsnæðis*: Vinna þarf hagræna úttekt á þróun landverðs, og gera hagræna úttekt á hagvæmstu áföngum í uppbyggingu höfuðborgarsvæðisins. Einnig að meta eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði eftir tegundum.
4. *Miðborgin – könnun á mannlífi og athöfnum*: Í ljósi þeirra miklu framkæmda sem framundan eru í miðborginni þarf að gera ítarlega könnun, svipað og Jan Gel hefur gert fyrir miðborg Kaupmannahafnar, á núverandi mannlífi og athöfnum í miðborginni og væntingum borgarbúa og ferðamanna um úrbætur.
5. *Fagráð*: Unnið verði að undirbúningi óháðs fagráðs sem sveitarfélög á höfuðborgarsvæðisins geta leitað til þegar einkaaðilar koma fram með stórar tillögur um uppbyggingu sem hafa veruleg áhrif á umhverfi og samfélag. Þetta verði unnið í samráði við A.Í., FÍLA og félag skipulagsfræðinga.

Nokkrar heimildir:

Bjarni Reynarsson 1998, *Þjóð á hjólum: Skipulag umferðarmála í bandarískum borgarsvæðum með tilvísun til höfuðborgarsvæðisins*. Reykjavík. Skýrsla unnin fyrir Vegagerðina.

Bjarni Reynarsson, 1998. *Við aldahvörf*. Þrjár greinar: *Hugmyndafræði um þróun og skipulag borga á 20. öld*. Lesbók Morgunblaðsins, 22. - 24. vika, ágúst.- sept.

Bjarni Reynarsson, 1998. *Sundabraut: Hugleiðingar um skipulagsforsendur*. Borgarskipulag.

Bjarni Reynarsson, 1999. *Hvernig höfuðborg viljum við*: Hugleiðingar um svæðisskipulag fyrir höfuðborgarsvæðið. AVS, 4.tbl.

Bjarni Reynarsson, 1999. *Hverfajónusta og grasrótarskipulag í Seattle*, í skýrslu þróunarsviðs Hverfaskiptingar í Reykjavík. Reykjavíkurborg

Bjarni Reynarsson, 1999. *Þétting byggðar, landfyllingar og Reykjavíkurflugvöllur*. Greinargerð. Þróunarsvið Reykjavíkurborgar.

Bjarni Reynarsson og Gísli Pálsson, 1999. *Borgarfræðasetur*. Greinargerð um stofnun Borgarfræðaseturs, unnið fyrir Reykjavíkurborg og Háskóla Íslands.

Bjarni Reynarsson, 1999. *The Planning of Reykjavík Iceland: Three ideological waves - a historical overview*. Planning Perspectives, 14.

Bjarni Reynarsson, 2000. *Hugmyndafræði og þróun borga á 20. öld*, Erindi á málþingi H.Í., Reykjavíkurborgar og Samtaka um betri byggð, Um endurreisn borga. Í Odda 3. mars

Bjarni Reynarsson, 2000. *Höfuðborgin okkar*. Erindi á ráðstefnu Félags Landfræðinga. Kornhlöðuloftinu, 8. apríl. Landabréf (tímarit Félags Landfræðinga).

Bjarni Reynarsson 2001. *Á faraldsfæti: Þróun mannfjölda og búferlaflutninga á höfuðborgarsvæði 1990 – 2002*. Reykjavík. Þróunar- og fjölskyldusvið Reykjavíkur.

Bjarni Reynarsson 2001. *Fyrirmyndarborgin*. (Samantekt um vinnu rýnihóps um æskilega byggðapróun á höfuðborgarsvæðinu, sem hluti af Framtíðarborgarverkefni) AVS, 1.tbl.

Bjarni Reynarsson 2001. *Verslun á höfuðborgarsvæðinu.: Velta smásöluverslunar í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu eftir hverfum*. Greinargerð unnin fyrir Þróunarsvið í ráðhúsi.

Bjarni Reynarsson 2002. *Að koma Reykjavík á kortið: Hugleiðingar um borgarrannsóknir og stefnumótun*. AVS, 1. tbl.

Bjarni Reynarsson 2003. *Borgarrannsóknir: Áhersluatriði og helstu rannsóknaverkefni 2003 - 2005*. Greinargerð samráðshóps Reykjavíkurborgar og Borgarfræðaseturs. (Sjá heimasíðu Reykjavíkurborgar, stjórnkerfi/skýrslur, kannanir og rannsóknir)

Bjarni Reynarsson 2004. *Mat á skipulagstillögum fyrir ný íbúðahverfi*. AVS 3tbl.

Bjarni Reynarsson 2004. *Rannsókn á búsetuóskum Reykvíkinga*. Sveitarstjórnarmál, 3. tbl.

Haraldur Sigurðsson 2004. *Um ferðamáta á höfuðborgarsvæðinu*. Reykjavík. Borgarfræðasetur.

Hildur Kristjánsdóttir, 2002. *Þátttaka almennings í skipulagi: Hugmyndafræði og aðferðir*. Borgarfræðasetur.

Hildur Kristjánsdóttir, 2004. *Nýr borgarbragur: Kynning á skipulagshugmyndum „new urbanism” stefnunnar*. Borgarfræðasetur.

Jón Björnsson, 2000. *Framtíðarborgin: Langtímastefnumótun Reykjavíkurborgar*. Hvað, hvers vegna og hvernig. Sveitarstjórnarmál, 5tbl.

Micaela Schulman, 2000. *Stadspolitikk og urban forskning i Norden*. Nordregio.

Land-ráð sf, 2003. *Húsnæðis- og búsetuóskir borgarbúa: Gæði íbúðahverfa*. (Bjarni Reynarsson) Rannsókn var unnin fyrir Reykjavíkurborg (Kynnt á málþingi Reykjavíkurborgar á Nordica hótel 11. nóvember).

Land-ráð sf, 2004 - 2005. *Áhrifasvið höfuðborgarsvæðisins og helstu þéttbýlisstaða*: (Bjarni Reynarsson). Rannsókn unnin með IMG Gallup á ferðum landsmanna út fyrir búsetusvæði sumarið 2004 og veturinn 2004-2005

Páll Björnsson (ritstjóri), 2003. *Borgarbrót: Sextán sjónarhorn á borgarsamfélagið*. Borgarfræðasetur og Háskólaútgáfan.

Urban Facts Helsinki, 2002. *Co-operation and Local Partnership between Cities and Universities*.

